

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 19. febrúar kl. 13-15

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, og Sólrún Harðardóttir. Gunnar Gíslason og Svanhildur M. Ólafsdóttir boðuðu forföll.

Fundarstaður

Námsmatsstofnun

Nýr fulltrúi

Edda Kjartansdóttir var boðin velkomin í stýrihópinn. Hún mun starfa í honum þessa önn í fjarveru Jóns Torfa.

Umræðuefni

- Skýrslan *STARFSÞRÓUN KENNNARA – Greining á sjóðaumhverfi*
- Fundur í fagráði 19. mars
- Stefnumótun, verklag og fyrirsjáanleg útgjöld
- Vinnuhópar
- Tillaga sem kom fram um vinnuhóp sem fjalli um kennaramenntun
- Önnur mál

Skýrslan *STARFSÞRÓUN KENNNARA – Greining á sjóðaumhverfi*

Skýrslan hefur nú formlega verið gefin út og fékk ráðuneytið tvö eintök og verður annað þeirra í vörslu fagráðsins. Skýrslan verður sömuleiðis birt á vef fagráðsins. Vinnuhópur lagði fram á fundinum greinargerð sem er mjög langt komin en þó ekki endanleg. Í henni eru m.a. tillögur og hugleiðingar til fagráðs og var farið lauslega yfir þær á fundinum. Líklega má flokka umræðuefnið í þrennt: form (hvað er viðurkennt sem starfsþróun og er styrkt), mismunandi stöðu kennarahópa (t.d. útfrá búsetu, skólastigi, fögum eða ekki fögum) og ábyrgð háskólanna. Vinnuhópur mun klára greinargerðina fljótlega og hún verður send til fagráðsins. Á fagráðsfundi verður skipulögð hópaumræða og mun Sólrún gera það í samvinnu við vinnuhópinn.

Fundur í fagráði 19. mars

Sólrún hafði sett niður möguleg atriði á dagskrá fagráðsfundar sem ákveðinn er 19. mars nk. kl. 13-17. Atriðin voru fleiri en færri en rétt þótti að halda þeim öllum inni. Ráðherra mun koma á fundinn og þurfum við að undirbúa betur um hvað verður rætt við hann. Sólrún mun ganga frá dagskrá fundarins og senda til fulltrúa.

Ráðherra – Upplýsingaveita – Hlutverk, ábyrgð og skyldur – Fjármunir í símenntun og starfsþróun (vinnuhópur) – Future Teachers (vinnuhópur) – Stefnumótunarvinnan – Önnur mál

Stefnumótun, verklag og fyrirsjáanleg útgjöld

Sólrún sagði frá að ramminn um stefnumótunina væri nú kominn inn á lokaða svæði fagráðsins. Hún útskýrði að hún vildi vinna þetta áfram í forritinu Mindmanager en vista skjalið reglulega á wordformi svo fólk gæti auðveldlega fylgst með og tekið þátt. Eins og

kom fram á síðasta stýrihópsfundi myndar stýrihópur ritstjórn, en ýmsir innan fagráðsins geta lagt í púkkið og mun Sólrún leita til einstaklinga um einstaka kafla eins og hentar, auk þess sem niðurstöður frá vinnuhópum, svör frá hagsmunaaðilum (sbr. bréf um hlutverk, ábyrgð og skyldur) og fleira er hráefni fyrir stefnumótunina.

Sólrún lagði fram lista yfir möguleg verkefni á vegum fagráðsins sem krefjast fjárútláta og var hann yfirfarinn og ræddur. Sólrún mun ganga frá þessari áætlun og Sigurjón mun fylgja henni eftir í ráðuneytinu.

Vinnuhópar

Vinnuhópur sem fjallar um þarfir fyrir starfsþróun og TALIS mun koma saman 25. febrúar. Hópurinn mun sjálfur skilgreina verkefni sitt. Í hópnum verða: Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður, Svanhildur, Guðný Helga Gunnarsdóttir (frá HÍ) og Valgerður Freyja Ágústsdóttir (frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga).

Óformlegur vinnuhópur er sömuleiðis farinn af stað og felst vinna hans í að safna upplýsingum á einn stað um fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum. Opnað hefur verið sameiginlegt skjal (google docs) þar sem Sigurjón, Jón Torfi, Svanhildur, Aðalheiður og Edda hafa aðgang. Ekkert er því til fyrirstöðu að fleiri komi að þessu verkefni.

Tillaga sem kom fram um vinnuhóp sem fjalli um kennaramenntun

Heilmikið var rætt um kennaramenntun, fagmennsku og menntun alla starfsævina ásamt hættu á að brugðist væri við fækkun í kennarastétt með skyndilausnum. Varðandi tillöguna um að stofnaður væri vinnuhópur um málefnið, sem kom fram á síðasta stýrihópsfundi, var ákveðið að láta það bíða til hausts. Verkefnin eru næg. Hins vegar var litið til þess að þetta væri áberandi í umræðu í háskólunum og einnig í KÍ. Það væri jákvætt og myndi skila sér inn til fagráðs. Jón Torfi sendi bréf nýlega til fagráðsins í framhaldi af tilkomu þessarar tillögu og ræddi þar mikilvægi nýrrar hugsunar og sagði frá því helsta sem væri í deiglu hjá Kennaradeildinni í HÍ sem viðkemur þessu.

Önnur mál

Ákveðið var að halda einn fund fyrir fagráðsfundinn og mun Sólrún leitast við að finna hentugan tíma með hjálp doodle.

Sólrún sagði frá að hún væri komin í starfshóp um símenntun í upplýsingatækni á vegum Reykjavíkurborgar. Fleiri eru í starfshópum á vegum borgarinnar: Sigurjón í hópi um list-, verk- og tæknigreinar, og Edda um fagmennsku kennara og virðingu stéttarinnar.

Sólrún Harðardóttir tók punkta